

Málmfriður Sigurðardóttir: Orð úr Skálholti.

KOSNINGAÚRSLITIN, MAT Á STÖÐUNNI,
VINNUBRÖGÐ - VALDDREIFING.

Árið 1983 fékk Kvinnalístin 7.125 atkvæði í kosningum. Þá var að vísu ekki boðið fram nema í þrem kjördæmum. 1987 urðu atkvæðin 15.467, en 1991 13.068, 2.400 atkvæðum^{þámi} en í næstu kosningum áður. Ég veit ekki hvernig þið, sem hér eruð, upplifðuð kosningaúrslitin en mér vöktu þau reiði og sárindi. Reiði og sárindi í garð þeirra sem ekki náðu að skilja nauðsyn þess að konur standi saman.

Kosningaúrslitin hljóta að vekja upp ótal spurningar sem við þurfum að velta fyrir okkur og reyna að svara, og mínar vangaveltur hér verða aðallega í spurningaformi. Ég veit að konur út um landið hafa spurt sjálfar sig - hvað gerðum við rangt - var það þetta, eða var það hitt - e.t.v. varðandi óstaðbundin mál. Ég held ekki að þar sé orsakanna að leita. Varla hafa verið gerðar svo afgerandi skyssur í hverju einasta kjördæmi að það eitt sér skýri fylgistað okkar, orsakirnar eru vafalaust flóknari en svo. Í því sambandi hefur sú spurning verið mér mjög ofarlega í huga: Hver er ímynd Kvinnalístans úti í þjóðfélaginu? Skyldu bændakonur, fiskvinnslukonur, verksmiðjukonur - hin almenna íslenska kona skynja Kvinnalístan sem málsvara sinn? Mér þykja kosningaúrslitin benda til að svo sé ekki. Er þá eitthvað bogið við okkur - eða þær? Þurfum við e.t.v. að breyta um málflutning eða aðferðir? Þetta verðum við að ræða.

Varðandi stöðu Kvinnalístans nú þá er ljóst að við komumst ekki þangað sem við ætluðum - við lentum þar sem við erum, fyrst af völdum kjósenda, síðan af völdum hinna flokkanna. Ég hef á tilfinningunni að okkur hafi verið skákað og sagt: hingað og ekki lengra. Okkur er sagt að fyrir nýtt stjórn málafl sé það eitt sér merkur áfangi að vera til eftir þriðju kosningarnar, og við getum bara verið ánægðar. Í mínum huga er fráleitt að við konur getum verið ánægðar.

Fyrir kvannahreyfingu á borð við okkur er það, að halda naumlega velli, ekki neitt sem við getum eða eigum að vera sáttar við. Þá er skammt í vörn og síðan jafnvel í uppdráttarsýki. Við verðum að gera meira en bara vera til - við verðum að vera stöðugt í sókn. Núna finnst mér eins og við höngum í lausu lofti, ráðum ekki hver togar í spottann og hvert okkur ber.

Hvaða lærdóm drögum við af kosningabaráttunni og úrslitum? Enn koma spurningar sem við verðum að ræða. Náðum við eyrum fólksins? Skildi fólk hvað við erum að segja? - Skilur almenningur kjarnann í stefnu okkar - baráttu fyrir friði, umhverfisvernd, kvenfrelsi, bættum hag kvenna og barna, sem leiðir til betra samfélags fyrir alla - eða fannst fólkinu við segja það sama og aðrir? Þurfum við að breyta málflutningi okkar, marka sérstöðu okkar skýrar svo fólk heyri og skilji hvað við erum að segja, að hugmyndafræði okkar og boðskapur er af öðrum toga en hjá hinum stjórn málaflokkunum?

Erum við á réttri leið? Þá kem ég enn á ný að vinnubrögðunum. Ég held að við verðum að skoða vel sniðið og saumaskapinn á þeim - hvort þarf að breyta flíkinni, setja batur á hné og olnboga. Kannski punta hana aðeins með áreitnum útsaumi. Án gamans - þá tel ég að við verðum að vera sýnilegri og áreitnari. Það fer mikill tími og orka í að bregðast við því sem aðrir segja og gera. Getum við komið öðrum í þá aðstöðu að bregðast við okkur? Þá verðum við um leið sýnilegri. Eigum við að draga úr mýkt og kurteisi og hafa uppi harðari málflutning. Verður það á kostnað kvenleikans? Allt þetta þarf að ræða.

Garðurinn okkar nær nú um allt land. Hann er ákaflega mismunandi yfir að líta. Víða eru verulega fallegir grænir blettir og blómskrúð. Við þurfum að koma garðinum öllum í góða rækt - með lífrænni áburðargjöf og vökvun með góðu vatni - lifandi vatni. Þegar grænu svæðunum fjölgar og þau renna saman þá held ég að við þurfum ekki að hafa teljandi áhyggjur af valddreifingunni.

Og þá vil ég enn einu sinni minna á hugmyndina um erindreka Kvinnalistsans. Ömmu dreka! Konu sem fer um landið, í annarri hendi með áburð og fræ í skjóðu, en garðkönnu í hinni, sáir, vökvar og ræktar Kvinnalistagarðinn.

Ég kem aftur að 21. apríl. Mér er ekki runnin reiðin og ég er enn sár og vonsvikin. Verða einhverjar afgerandi hörmungar að dynja yfir íslenskar konur til að þær skynji þörfina fyrir samstöðu? Er virkilega svo að fjöldi kvenna líti á Kvinnalistann sem afl sem sé þeim framandi, óviðkomandi og jafnvel óvinveitt? Af hverju stafar höfnunin á Kvinnalistanum? Enn spurningar sem þarf að ræða.

Hvar stöndum við? Á þessari stundu finnst mér hreyfingin okkar eins og fugl sem hefur misst flugið og hlunkast niður á stein. Ekki steininn þar sem hann hóf sig til flugs í upphafi heldur annan örlítið ofar í hlíðinni. Framtíðin ræðst af því hvort við náum vængjatakinu á ný, og höldum fluginu.